

Nd.

6. Frumvarp til laga

[5. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

1. Á eftir C. 3 í 2. gr. laganna koma nýir liðir:
 - a. *Vesturárdalsvegur*: Af Miðfjarðarvegi norðan Vesturár um Kollafoss að Húki.
 - b. *Heggstaðanesvegur*: Af Norðurlandsvegi vestan Miðfjarðarár um flugvöll á Miðfjarðarsandi að Bálkastöðum.
 - c. *Austursiðuvegur*: Af Norðurlandsvegi austan Miðfjarðarár um brú á Austurá og Núpsá á Miðfjarðarveg.
 - d. *Austurárdalsvegur*: Frá Austurárbrú um Hnausakot að Aðalbóli.
2. Á eftir C. 6 í sömu gr. koma nýir liðir:
 - a. *Ásabæjarvegur*: Af Vesturhópsvegi hjá Þorfinnsstöðum að Stóru-Borg.
 - b. *Fitjavegur*: Af Norðurlandsvegi á Miðfjarðarhálsi um Hrísa að Fremri Fitjum.
 - c. *Víðidalsvegur*: Af Norðurlandsvegi á Miðfjarðarhálsi um Víðidalstungu og brú á Víðidalsá að Kolugili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hér er lagt til, að nokkrir vegakaflar í Vestur-Húnavatnssýslu verði teknir í tölu þjóðvega. Í þeim sveitum, sem vegir þessir eiga að liggja um, eru margar góðar jarðir og möguleikar til aukinnar framleiðslu. En þar er þörf fyrir vegabætur, og því er frumvarp þetta fram borið.